



Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Ósk um umsögn – Framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar, Dals- og Sæmundarskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 16. janúar 2023 var lögð fram skýrsla starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla, dags. í september 2022.

Lögð var fram eftirfarandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins.

Lagt er til að vísa máli varðandi framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til nánari umfjöllunar, kynningar og umsagnarvinnu með grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólaráðum og foreldrafélögum sem málið varðar ásamt íbúaráði og ungmennaráði. Jafnframt verði haldnar vinnusmiðjur með börnum í 1.-10. bekk í hverfunum.

Hér með er óskað eftir að íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdal skili umsögn til skóla- og frístundasvið á netfangið sfs@reykjavik.is eigi síðar en 1. mars 2023.

Virðingarfyllt

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps, dags. sept.2022



Reykjavíkurborg